

### 13. Pistill Jóns Snædals: Myndlist og Alzheimer

Í síðasta pistli var rætt um notkun tónlistar í meðferð við heilabilun með áherslu á skipulagða tónlistameðferð. Bent var á að hún væri helst notuð þegar heilabilun væri komin nokkuð áleiðis og gæfi góða raun eins og margar rannsóknir hafa staðfest. Myndlist hefur einnig verið notuð í þessum tilgangi á ýmsan hátt. Listmeðferð (Art therapy) er ein af aðferðunum en fáar rannsóknir hafa farið fram til að meta áhrifin og samantekt á rannsóknum sem birtist 2018 sýndi ekki afgerandi áhrif.<sup>1)</sup> Listmeðferð sem stýrt er af lismeðferðarfræðingum hefur ekki mikið verið stunduð í þessum tilgangi hér á landi og ekki liggja fyrir íslenskar rannsóknir en full ástæða til að gefa þessu meiri gaum.

Myndlist er einnig hægt að nota á annan hátt og verður gerð grein fyrir því hér. Fyrir tíu árum var nokkrum einstaklingum sem sóttu dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun boðin þátttaka í verkefni með myndlistarnemum frá Myndlistaskóla Reykjavíkur. Skipuleggjendur voru Halldóra Arnardóttir, listfræðingur, Alzheimer samtökin og minnismóttakan á Landakoti en að auki var Þórarinn Eldjárn rithöfundur fenginn til að lesa sögu í þeim tilgangi að efla minningar.<sup>2)</sup> Alls hittust þau sex sinnum; í upphafi þegar Þórarinn las sögu, þá í fjögur skipti þar sem hver einstaklingur fékk tvo myndlistarnema með sér og svo var lokafundur. Á honum lýstu þátttakendur myndunum sem nemendurnir höfðu gert fyrir Þórarini og öðrum áhorfendum en þær byggðu á minningum þátttakenda eins og þeir lýstu þeim fyrir myndlistarnemunum. Mikil ánægja var með framtakið og í framhaldinu var komið á samstarfi nokkurra dagþjálfana og listasafna í Reykjavík og stendur það enn. Þetta fer þannig fram að hópur einstaklinga með væga heilabilun kemur á safn þar sem sérmenntaður starfsmaður tekur á móti þeim og hefur umræðu um fáein verk. Hver tími er undirbúinn þannig að örfá verk eru valin og starfsmaður undirbýr umræður um hvert þeirra. Lögð er áhersla á að allir fái notið sín með virkri þátttöku. Stundum hefur framtakið verið metið formlega eftir á með spurninglistum og eitt háskólaverkefni hefur verið gert um þetta. Starfsmaður frá viðkomandi dagþjálfun kemur með og oft hefur einn aðstandandi fylgt hverjum og einum. Þetta samstarf hefur farið vaxandi með þátttöku æ fleiri aðila og virðist nú vera búið að festa sig í sessi þó hlé hafi orðið á farsóttartímum. Árið 2017 var haldið málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur með m.a. fyrirlesurum MoMa safninu í New York

og frá Murcia á Spáni en listfræðingar á bandaríska safninu hafa í mörg ár verið með verkefni fyrir einstaklinga með heilabilun svo sem sjá má á heimasíðu safnsins.<sup>3)</sup>

Í umræðum um myndirnar þarf að gæta þess að spyrja ekki um staðreyndir heldur um upplifanir og skoðanir . Ef umræðunum er vel stýrt og allir fá tækifæri til að tjá sig veitir stundin ánægju og skilur eftir góða tilfinningu eins og vel hefur komið fram í svörum á spurningalistunum. Framtakið hefur hingað til byggt á áhuga og elju einstaklinga en þörf er á að koma því betur fyrir í starfsemi safna og dagþjálfana og hugsanlega hjúkrunarheimila. Aðferðin hefur verið kennd á námsskeiðum í safnafræði og lögð hafa verið drög að stærri verkefnum með samvinnu við erlenda aðila. Frekari upplýsingar er að finna á vefnum.<sup>4)</sup>

## Heimildir

1. Sunita R. Deshmukh, John Holmes, Alasteir Cardno and the Cochrane Dementia and Cognitive Improvement Group. Art therapy for people with dementia. Cochrane Database Syst. Rev. 2018: CD011073.
2. <http://frasagnirminninganna.blogspot.com>
3. <https://www.moma.org/visit/accessibility/meetme/>
4. <http://artandcultureastherapy.blogspot.com/>

Hægt er að sjá alla pistla Jóns hér: <http://www.alzheimer.is/allt-um.../rannsoknir-og-greinar...>